



**Tillaga um breytingu
á reglugerð KSÍ um knattspyrnumót
– Heimilt að setja alla (5) varamenn inn á í leik í forkeppni
og í 1. umferð bikarkeppni KSÍ í mfl. karla og kvenna –**

Lagt er til að í kafla IV, grein 23, um meistaraflokk karla, bætist við eftirfarandi grein um leikmannaskipti:

- Heimilt er að setja alla (5) varamenn inn á í leik í forkeppni og í 1. umferð Bikarkeppni KSÍ.

Í kafla IV, grein 32, um meistaraflokki kvenna, bætist eftirfarandi grein um leikmannaskipti:

- Heimilt er að setja alla (5) varamenn inn á í leik í forkeppni og í 1. umferð Bikarkeppni KSÍ.

Greinargerð:

Það er ósk okkar að liðum í forkeppni og í 1. umferð Bikarkeppni KSÍ verði heimilt að notast við alla (5) varamenn ef þess er þörf. Núverandi fyrirkomulag heimilar þrjár leikmannaskiptingar þó svo flest öll lið í forkeppninni og í 1. umferðinni notist við fimm leikmannaskiptingar í deildarkeppni KSÍ. T.d. voru 30 af 32 liðum sem léku í forkeppninni og eða í 1. umferð Bikarkeppni karla 2007 skráð til leiks í 3. deild eða utan deildar.

Bikarkeppni KSÍ er mót með sérstöðu sem allir vilja taka þátt í og með þeim möguleika að fjölga leikmannaskiptingum opnast möguleiki fyrir fleiri leikmenn að verða þátttakendur í þessari keppni, sem oftast en ekki eru ungir óreyndir leikmenn sem upplifa og öðlast mikilvæga reynslu af þátttöku í bikarleikjum.

Þetta er breyting sem ætti að verða bikarkeppninni (forkeppninni og 1. umferð) og þátttökuliðunum til framdráttar; fleiri frískir fætur, meiri fótbolti og fleiri mörk.

**BÍ88 Ísafirði
Höfrungur Þingeyri**